

Sp. 362. Tillaga til þingsályktunar [203. mál]

um að skora á ríkisstjórnina að láta hraða gerð jarðganga um Ólafsfjarðarmúla.

Flm.: Árni Gunnarsson, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða gerð jarðganga um Ólafsfjarðarmúla. Verði við það miðað, að göngin verði tilbúin til umferðar eigi síðar en í árslok 1987.

Greinargerð.

Vegurinn um Ólafsfjarðarmúla er einn hættulegasti bílvegur landsins. Þar hafa orðið yfir 20 alvarleg umferðarslys á síðustu 7 árum. Í þessum slysum hafa fjórir látið lífið og margir slasast. Þá hefur eignatjón orðið mikið.

Oft hefur litlu munað að enn frekari stórslys yrðu á þessum vegi, og vitað er að ekki eru til skýrslur um öll óhöpp sem þar hafa orðið, enda lögreglu ekki alltaf tilkynnt um þau. Slysín hafa oftast orðið í hálfu og snjó og af völdum grjóthruns, en á þessum vegi má ekkert út af bregða vegna þess, hve mjór hann er og víðast hvar þverhnipt í sjó fram.

Vegurinn um Ólafsfjarðarmúla er eina samgönguleiðin á landi við Ólafsfjörð mestan hluta ársins, þar eð Lágheiði lokast í fyrstu snjóum og opnast ekki fyrr en langt er liðið á vor og jafnvel ekki fyrr en komið er fram á sumar. Vegurinn um múlann er snjóþungur og oft erfitt og jafnvel lífshættulegt að ryðja hann. Vegurinn hefur á snjóþungum vetrum verið lokaður svo dögum skiptir, og vitað er að hann hefur lengst verið lokaður í 14 daga. Þá er kostnaður við snjómokstur mjög mikill og þungur baggi á skattgreiðendum. — Af framantöldu fer ekki hjá því, að menn veigri sér við að aka veginn í misjöfnum veðrum.

Þessar aðstæður hafa tvímælalaust mikil áhrif á allt mannlíf á Ólafsfirði. Þær valda öryggisleysi um allar samgöngur, og þótt áætlunarflug hafi breytt høgum manna í þessu tilliti er það hvergi nóg. Eina lausnin á þessum vanda eru jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla.

Um þetta ástand segir bæjarstjóri Ólafsfjarðar, Jón E. Friðriksson: „Íbúafjölgun hér hefur stöðvast og íbúum í raun fækkað, þrátt fyrir að atvinna hefur verið mikil, en að vísu fábreytt. Ég tel það undantekningartilfelli ef menn flytja héðan vegna Múlavegar, en hins vegar er mjög líklegt að slíkur Ó-vegur dragi mikið úr að komufólki setjist hér að. Jarðgöng í gegnum Ólafsfjarðarmúla eru því lyklatríði hvað varðar alla íbúafjölgun og framþróun á staðnum.“

Ýmsir eru þeirrar skoðunar, að vegurinn um Ólafsfjarðarmúla hafi átt sinn þátt í því, að fólk hafi flutt frá Ólafsfirði. Umræður um þessi mál urðu miklar eftir hörmulegt slys, sem varð á veginum í lok októbermánaðar á síðasta ári, þegar tveir ungir menn létu lífið.

Það liggur í augum uppi, að vegur af þessu tagi hefur mjög neikvæð áhrif á alla framþróun staðarins, sérstaklega þegar þess er gætt, að lítið hefur verið gert til að auka og bæta aðrar samgöngur. Sú einangrun, sem þetta getur skapað, er ekki í neinu samræmi við þær kröfur sem nú eru gerðar um öruggar og góðar samgöngur.

Nokkrar lausnir hafa verið nefndar til að bæta samgöngur við Ólafsfjörð. Um tíma var mikið rætt um svokallaðar „vegsvallir“, en sú hugmynd hefur verið lögð á hilluna. Í allmörg ár hefur verið rætt um jarðgöng, en lítið verið aðhafst. Nú hefur hins vegar verið gerð úttekt á nokkrum stöðum sem til greina koma. Einkum hafa verið nefnd göng á milli Kúhagagils og Tófugjár.

Á liðnu sumri lét Vegagerðin bora í bergið svo kanna mætti heppilegasta staðinn hvað varðar hæð og jarðlög. Þessar athuganir gefa góðar vonir um það, að gerð jarðganga sé ekki eins erfið og áður hafði verið talið. Eftir er að vinna úr ýmsum gögnum áður en staður verður endanlega ákveðinn. Þetta verkefni er á vegáætlun, en samkvæmt henni munu líða æðimörg ár áður en göngin verða tilbúin. Það er því ósk flutningsmanna, að verkefninu verði hraðað að mun. Löng bið getur orðið dýru verði keypt.

Fylgiskjöl:

1. Bréf bæjarstjórans á Ólafsfirði.
2. Yfirlit lögreglunnar á Ólafsfirði um umferðarslys á Múlavegi.

Fylgiskjal I.

Ólafsfirði, 24. nóv. 1982.

Hr. alþingismaður,
Árni Gunnarsson,
Gullteigi 12,
105 Reykjavík.

Í framhaldi af símtölum sendi ég meðfylgjandi yfirlit um umferðarslys frá og með 1976 til og með október 1982.

Íbúafjölgun hér hefur stöðvast og íbúum í raun fækkað, þrátt fyrir að atvinna hefur verið mikil, en að vísu fábreytt. Ég tel það undantekningartilfelli ef menn flytja héðan vegna Múlavegar, en hins vegar er mjög líklegt að slíkur Ó-vegur dragi mikið úr að komufólki setjist hér að. Jarðgöng í gegnum Múlaveg eru því lykilatridi hvað varðar alla íbúafjölgun og framþróun á staðnum.

Kveðja,
Jón E. Friðriksson,
bæjarstjóri.

Fylgiskjal II.

**Yfirlit um umferðarslys á Múlavegi
frá og með 1976 til og með október 1982.**

12.10.'76

Fólksbíll lendir á steini í Kúhagagili. Talsvert eignatjón. Slys urðu ekki á fólki.

01.12.'76

Jeppi vegaeftirlitsmanns fer fram af veginum í Ytra-Drangsgili er snjóflóð lendir á bílnum. Ökumaðurinn náði að komast út áður en bíllinn hrapaði um 180 m í sjó fram.

- 20.09.'76
Fólksbíll lendir á grjótskriðu við Flag. Bíllinn stórskemmdur. Ökumaður einn í bílnum, slapp ómeiddur.
- 25.05.'76
Fólksbíll rennur til í hálfu í Ófærugjá, stöðvast á snjóruðningi á vegarbrún.
- 22.05.'76
Fólksbíll og létt bifhjól lenda í árekstri í Bríkargili þegar ökumenn ökutækjanna voru að krækja fyrir grjótskriðu á veginum. Ökumaður hjólsins slasaður en ekki alvarlega.
- 14.02.'77
Fólksbíll og sendibíll lenda í árekstri í þröngum snjógöngum í Ófærugjá. Slys urðu ekki á fólki en talsvert eignatjón.
- 21.04.'77
Rútubíll og jeppi lenda í árekstri á blindhorni norðan Ófærugjár. Parna lá við stórslysi. Vegurinn aðeins 7 m breiður og nær þverhnipt um 250 m fram í sjó.
- 11.06.'78
Fólksbíll lendir á steini, á miðjum vegi, norðan við Kúhagagil. Lítið eignatjón.
- 29.07.'78
Fólksbíll lendir á stórum steini í Syðra-Drangsgili. Talsvert eignatjón.
- 23.11.'78
Árekstur tveggja fólksbíla í þröngum snjógöngum í Voghólsbrekku. Lítið eignatjón.
- 13.06.'79
Fólksbíll með þremur mönnum veltur út af veginum í Syðra-Drangsgili. Tveir létust en ungur drengur slasaðist nokkuð.
- 13.09.'79
Fólksbíll veltur út af veginum við Bríkargil. Hálfka var á veginum. Ökumann sakaði ekki. Bíllinn ónýtur.
- 31.07.'80
Fólksbíll ekur á harðan snjóruðning sunnan Bríkargils. Eignatjón lítið.
- 02.04.'81
Snjóruðningstæki fer fram af veginum í Syðra-Drangsgili og um 180 m niður í fjöru. Ökumaður náði að komast út en tækið var gjörónýtt.
- 18.07.'81
Fólksbíll veltur á veginum við Voghól. Tveir menn í bílnum sluppu ómeiddir, en bíllinn ónýtur.
- 03.08.'81
Fólksbíll veltur á veginum sunnan Ófærugjár. Ökumaður einn í bílnum slapp ómeiddur.
- 15.08.'81
Árekstur tveggja bíla sunnan Kúhagagils. Eignatjón lítið.
- 31.12.'81
Jeppi veltur á veginum sunnan Kúhagagils. Ökumaður slapp ómeiddur. Eignatjón talsvert.
- 30.10.'82
Fólksbíll með fimm mönnum veltur út af veginum norðan við Kúhagagil. Tveir menn létust. Tveir talsvert slasaðir og einn slapp ómeiddur.

Til viðbótar þessari upptalningu er vitað um allmörg tjón sem hafa orðið á bílum vegna grjóthruns og annarra óhappa, er lögregluskýrslur hafa ekki verið gerðar um.